



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Alþingi - nefndasvið

**Sendandi:** Reykjavíkurborg

### ***Umsögn um 529. mál frá nefndarsviði Alþingis***

Í fyrri umsögn Reykjavíkurborgar vegna frumvarps þessa leggur velferðarsvið til að í nýjum sóttvarnarlögum verði velferðarþjónusta nefnd um leið og heilbrigðisþjónusta, þ.e. heilbrigðis- og velferðarþjónusta (e. health and social care). Í greinargerð frumvarpsins kafla 5, bls 26 er lagt sé til að velferðarþjónusta verði sérstaklega nefnd í 1.mgr.8.gr. frumvarpsins um samvinnu stofnana við sóttvarnalækni.

Reykjavíkurborg telur jafnframt ástæðu til að nefna sérstaklega velferðarþjónustu sem aðila sem mikilvægt er að skrái og skili viðbragðsásætlun vegna farsóttá og uppfæri þær áætlanir reglulega.

Fyrri umsögn er ítrekuð en jafnframt er eftirfarandi athugasemdum komið á framfæri:

#### ***8.gr. Farsóttarnefnd:***

Ráðherra skal skipa sjö manna farsóttarnefnd til fjögurra ára sem hefur m.a. það hlutverk að vera vettvangur fyrir samhæfingu aðgerða innan heilbrigðiskerfisins og almannavarnarkerfisins gegn samfélagslega hættulegum sjúkdómi. Velferðarsvið Reykjavíkur vill leggja til að í farsóttarnefnd sitji fulltrúi frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar með það að leiðarljósi að horfa sérstaklega til mikilvægra og viðkvæmra málaflokka sviðsins, sbr. málefni fatlaðs fólks, málefni eldra fólks og málefni þeirra sem óstaðsettir eru í hús. Þessir hópar eru viðkvæmir fyrir þeim aðgerðum sem farsóttarnefnd er gert að leggja til, í ákveðnum aðstæðum og því mikilvægt að velferðarsvið komi að þessu samráði. Velferðarsvið Reykjavíkur rekur fjöldann allan af starfsstöðum þar sem veitt er sólarhringsumönnun mikið veikra einstaklinga. Þessi umönnun er að mestu í höndum ófagmenntaðs starfsfólks. Mikið reyndi á þá starfsstaði í gegnum allan Covid-19 faraldurinn og reynir enn. Það að velferðarsvið Reykjavíkurborg reki heimahjúkrun í Reykjavík og hafi því hjúkrunarfræðinga í starfi skipti algerlega sköpum í gegnum faraldurinn. Hjúkrunarfræðingar sviðsins komu að gerð neyðaráætlana, veittu ráðgjöf, fræðslu og kennslu, veittu heilbrigðisþjónustu og skimunum á flestum starfsstöðvum sviðsins.

#### ***39.gr. Gjaldtaka og kostnaður vegna framkvæmdar laga þessara.***

Mikilvægt er að skýra enn frekar hvaða kostnaður sem hlýst af framkvæmd laga þessara skuli greiddast úr ríkissjóði. Hér má vekja athygli á mikilli og krefjandi vinnu stjórnenda og starfsfólks velferðarsviðs við smitrakningu. Þetta átti sérstaklega við þegar upp komu smit á starfsstöðum sviðsins og metið að ekki mætti missa neinn tíma þ.e. að flýta þyrfti smitrakningu til að koma í veg fyrir enn frekari smit. Starfsfólk velferðarsviðs lagði þá aðra vinnu til hliðar til að sinna smitrakningu sem oft og gjarnan teygði sig fram á kvöld og helgar. Þarna var starfsfólk ávallt tilbúið til að leggja á sig álag og yfirvinnu sem þessu fylgdi. Mikilvægt er að skýra betur í lögum hver skuli bera kostnað af slíkum umfram launakostnaði.



Reykjavíkurborg

Jafnframt þarf að vera skýrt í lögum hver skuli bera kostnað af ýmsum búnaði sem lög þessi gera ráð fyrir að nota þurfi í sóttvörnum sem og hólfaskiptingar starfsfólks.

Reykjavíkurborg, sem aðili að Sambandi íslenskra sveitarfélaga, tekur jafnframt undir allar athugasemdir sem koma fram í umsögn Sambandsins.

Harpa Þorsteinsdóttir  
Verkefnastjóri lýðheilsamála  
Skrifstofu borgarstjóra- og borgarritara